



Kennsluáætlun – haust 2019

Bekkur: 4. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennarar: Guðný, Selma, Svava og Þyri

Tímafjöldi: 7

Námsgögn: Gæðatextar og samþætting námsgreina í Byrjendalæsi, Ljóðsprotar, Óskasteinn, Skinna: ljósrit úr verkefnabók 1 og 2, Lesrún 2, Ítalíuskript og ítarefni eftir þörfum.

Lykilhæfni:

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- *Tjáning og miðlun*
- *Skapandi og gagnrýnin hugsun*
- *Sjálfstæði og samvinnu*
- *Nýting miðla og upplýsinga*
- *Ábyrgð og mat á eigin námi.*

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.*

Önnur hæfniviðmið sem lúta að almennri framkomu og vinnulagi í tímum og metin yfir allt árið:

- *Tekur ábyrgð á eigin námi.*
- *Virðir vinnufrið annarra.*
- *Vinnur með öðrum og sýnir jákvæðni í samskiptum.*
- *Leitar upplýsinga, les sér til gagns og vinnur sjálfstætt.*
- *Vinnur vel og fer eftir fyrirmælum.*
- *Sýnir vönduð vinnubrögð við verkefnaskil.*
- *Fer eftir þeim fyrirmælum sem lagt er upp með og skilar verkefnum á réttum tíma.*

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.



Kennsluáætlun – haust 2019

Vikan	Viðfangsefni	Námsefni	Mat	Annað
26.08-30.08	Kynning og upprifjun. Stafrófið, nafnorð, sérnöfn og samnöfn. Byrjendalæsisverkefni tengt haustinu byrjar.	Ljósrit úr Skinnu 1, gömul samræmd próf, hefti og annað tilfallandi	símat	
01.09-06.09	Upprifjun. Almanakið, sagnorð, nútíð og þátíð og lesskilningur.	Gömul samræmd próf, hefti og annað tilfallandi	símat	
09.09-13.09	Upprifjun. Lýsingarorð og hugarkort	Gömul samræmd próf, hefti og annað tilfallandi	símat	
16.09-20.09	Upprifjun. Tvöfaldur samhljóði og sögugerð	Gömul samræmd próf, hefti og annað tilfallandi	símat	
23.09-27.09	Upprifjun. Málfræði og sögugerð	Gömul samræmd próf, hefti og annað tilfallandi Lesrún 2 bls. 26-31. Byrjendalæsi	símat	24. fræðslud. 26. samræmt próf
30.09-04.10	Lesskilningur, málfræði	Lesrún 2 bls. 6-13, Ljósrit úr Skinnu 1	símat	
07.10-11.10	Lesskilningur	Lesrún 2 bls. 6-13	símat	
14.10-18.10	Lýsingarorð. Draugasaga	Lesrún 2 bls. 26-31. Byrjendalæsi	símat	15.-17. þema
21.10-25.10	Lýsingarorð. Draugasaga Byrjendalæsisverkefni tengt vetrinum byrjar.	Lesrún 2 bls. 26-31. Byrjendalæsi	símat	24.-25. vetrarfrí
28.10-01.11	Lýsingarorð. Draugasaga, Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti	Lesrún 2 bls. 26-31. Byrjendalæsi	símat	28. skipulagsd.
04.11-08.11	Íslenskir þjóðhættir og fullveldi Íslands. Orðaforði	Lesrún 2 bls. 14-15. Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti	símat	7. foreldraviðtöl
11.11-15.11	Ættjarðarljóð og bundið mál. Undirbúningur fyrir Litlu Upplestrarkeppnina hefst	Lesrún 2 bls. 14-15. Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti. Ljósrit	símat	
18.11-22.11	Sagnorð. Upplestur	Lesrún 2 bls. 14-15. Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti. Ljósrit	símat	
25.11-29.11	Sagnorð. Upplestur	Lesrún 2 bls. 14-15. Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti. Ljósrit	símat	
02.12-06.12	Málfræði, lesskilningur, Upplestur	Byrjendalæsisverkefni í vinnslu. Ljósrit	símat	
09.12-13.12	Málfræði, lesskilningur, Upplestur	Byrjendalæsisverkefni í vinnslu. Ljósrit	símat	
16.12-20.12	Málfræði, lesskilningur, Upplestur	Byrjendalæsisverkefni í vinnslu. Ljósrit	símat	
06.01.-10.01	Lesskilningur, orðaforði og víðbreytt málfræði, Upplestur	Ljósrit úr Skinnu 1, lestrarpróf og Mál og lóga, Lesrún 2 og Sögubókin Glókollur. Ljósrit	símat	
13.01-17.01	Lesskilningur, orðaforði og víðbreytt málfræði, Upplestur	Ljósrit úr Skinnu 1, lestrarpróf og Mál og lóga, Lesrún 2 og Sögubókin Glókollur. Ljósrit	Annarpróf, lestrarpróf og símat	



Kennsluáætlun – haust 2019

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	Við lok 4. bekkjar getur nemandi: <ul style="list-style-type: none">• beitt skýrum og áheyrilegum framburði,• tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu,• sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið,• hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni,• nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi,• átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	<ul style="list-style-type: none">• Fjölbreyttar aðferðir Byrjendalæsis• Samræður.• Kennari kynnir fjölbreytta texta og ræðir við nemendur.• Hlustað á hljóðbækur, upplestur, frásagnir kennara og nemenda.• Nemendur lesa upphátt fyrir hvern annan, í stærri og minni hópum.• Myndbönd og efni tengt líðandi stundu.	<ul style="list-style-type: none">• Símat
Lestur og bókmenntir	Við lok 4. bekkjar getur nemandi: <ul style="list-style-type: none">• beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr,• nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi,• tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess, valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings,• lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum,• beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap,• beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu,• aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi,• lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum,• valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.	<ul style="list-style-type: none">• Fjölbreyttar aðferðir Byrjendalæsis• Fjölbreyttar lestraráherslur s.s. paralestur, hóplestur, samlestur• Lestrarátök• Heimalestur• Yndislestur• Ljóðalestur	<ul style="list-style-type: none">• Lesfimi• Orðarún• Símat



Kennsluáætlun – haust 2019

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Ritun	Við lok 4. bekkjar getur nemandi: <ul style="list-style-type: none">• dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega,• nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi,• samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð,• beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi,• nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis,• skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu,• skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda	<ul style="list-style-type: none">• Fjölbreyttar aðferðir Byrjendalæsis• Skriftaræfingar• Skapandi skrif• Réttiritun	<ul style="list-style-type: none">• Leiðsagnarmat
Málfræði	Við lok 4. bekkjar getur nemandi: <ul style="list-style-type: none">• beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska,• þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein,• raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag,• gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða,• leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu,• búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta,• greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta,• leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki,• gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.	<ul style="list-style-type: none">• Fjölbreyttar aðferðir Byrjendalæsis• Málfræðihugtök og markviss þjálfun, bæði munnleg og skrifleg.• Réttiritun/málfræði.	<ul style="list-style-type: none">• Próf• Leiðsagnarmat